



Reykjavík, 11. mars 2025
SFS25010096

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Breyting á reglum um úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 10. mars 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 23. janúar 2025, ásamt nýjum reglum Reykjavíkurborgar um úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum og reglum um úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum frá 7. júní 2016:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að samþykktar verði breytingar á reglum um úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasvið

Meðfylgjandi:

Tillaga ásamt greinargerð, dags. 23. janúar 2025
Nýjar reglur vegna úthlutun fjármagns, ódags.
Reglur um úthlutun fjármagns frá 7. júní 2016



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 23. janúar 2025

SFS25010096

TILLAGA

Tillaga varðandi reglur um úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að samþykktar verði breytingar á reglum um úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum.

Greinargerð:

Reglur þessar voru síðast endurskoðaðar árið 2016 og því tímabært gera á þeim breytingar. Orðalag hefur breyst í takt við tímann t.d. hefur ábyrgðarmaður sérkennslu verið breytt í sérkennslustjóri.

Með tilkomu nýs fjáruðhlutunarkerfis, Snorra, er gert ráð fyrir föstu fjármagni til þess að sinna snemmtækri íhlutun. Það er mjög í anda verkefnisins Betri borg fyrir börn og farsældarlaganna, þ.e. að grípa strax inn í ef barn fylgir ekki jafnöldrum í þroska.

Í núgildandi reglum er úthlutað fjármagni til leikskóla á grundvelli tveggja flokka.

Fjármagnið sem fer til leikskólanna í gegnum úthlutunarlíkanið Snorra mun nægja til þess að sinna börnum sem samkvæmt núgildandi reglum heyra undir 2. flokk.

Áfram verður úthlutað fjármagni til leikskólanna til þess að mæta þörfum þeirra barna sem samkvæmt núgildandi reglum heyra undir 1. flokk. Markmið breytingarinnar er að leggja áherslu á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og kostur er. Allt starfsfólk leikskólans skal stuðla að fullgildi barna þannig að þau geti tekið þátt og öðlast gleði í leik. Stuðla á að því að starf leikskóla einkennist af inngildandi hugarfari og starfsháttum sem eru í takti við Menntastefnu Reykjavíkur og nýlegar breytingar í Aðalnámskrá leikskóla.

Þá mun breytingin verða til þess að fjármagn helst innan leikskólans þó svo að barn sem áður var í 2. flokki hætti í leikskólanum. Þannig er hægt að byggja upp þekkingu og stöðugleika í leikskólanum sem mun koma öllum börnum til góða.

Við endurskoðun reglnanna var tekið mið af framlagi skóla- og frístundasviðs til sérkennslu undanfarin fimm ár, en eins og áður sagði þá munu breytingarnar skapa möguleika á að grípa snemma inn í aðstæður ef barn fylgir ekki jafnöldrum í þroska. Það leiðir af sér að oft þarf ekki að kosta miklu til í framtíðinni hvað stuðning varðar.

Í gr. 3.2 eru gerðar breytingar á viðmiðum vegna fjölda barna í leikskóla þegar kemur að úthlutun stöðugilda vegna stuðnings til samræmis við forsendur í úthlutunarlíkaninu Snorra.



Reykjavík



Lagt er til að nýjar reglur taki gildi við samþykkt borgarráðs.

Kostnaður rúmast innan fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs.



Reglur Reykjavíkurborgar um úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum

Gildissvið

Reglur þessar gilda um úthlutun fjármagns vegna stuðnings við starfsemi leikskóla. Reglurnar ná til leikskóla Reykjavíkurborgar og sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík með samning við skóla- og frístundasvið um greiðslu framlags. Við úthlutun er fylgt verkferli fagskrifstofu leikskóla á skóla- og frístundasviði.

1. Ábyrgð á skipulagi stuðnings

1.1 Leikskólastjóri og sérkennslustjóri bera ábyrgð á skipulagi stuðnings í leikskólum, framkvæmd þess og endurmati.

1.2 Sérkennslustjóri, ásamt deildastjórum, sér til þess að börn njóti stuðnings í leikskólanum og að boðið sé upp á þroskavænleg verkefni í leik og starfi. Sérkennslustjóri hefur náð samstarf við foreldra, sérkennsluráðgjafa og ýmsa sérfræðinga sem tengjast leikskólanum vegna barna sem þurfa og njóta stuðnings.

1.3 Sérkennslustjóri í samstarfi við deildastjóra bera ábyrgð á gerð einstaklingsáætlana og sjá um að þeim sé framfylgt og þær endurmetnar.

1.4 Áhersla skal vera lögð á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þáttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og kostur er. Allt starfsfólk leikskólans skal stuðla að fullgildi barna þannig að þau geti tekið þátt og öðlast gleði í leik. Stuðla skal að því að starf leikskóla einkennist af inngildandi hugarfari og starfsháttum,

1.5 Leikskólastjóri og sérkennslustjóri bera ábyrgð á því hvernig úthlutun vegna stuðnings er nýtt og hvernig hún skiptist á milli einstakra barna.

1.6 Leikskólum ber að gera grein fyrir nýtingu fjármagns vegna stuðnings og mat á árangri þegar óskað er eftir endurmatsbeiðni.

1.7 Ekki er heimilt að nýta fjármagn vegna stuðnings í leikskólum til að standa straum af annarri starfsemi leikskóla.

2. Úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum

2.1 Úthlutað er fjármagni til leikskóla eftir fjölda barna í hverjum leikskóla (0,1 stg. + (0,2 stg. x 5% barna)) með fjárúthlutunarkerfinu Snorra. Fjármagnið á að duga til þess að koma á móts við börn með snemmtækum stuðningi.

2.2 Heimilt er að sækja um viðbótarfjármagn til þess að koma á móts við þarfir barna sem m.a. hafa fengið frumgreiningu:

- a) sálfræðinga miðstöðva Reykjavíkur
- b) greiningu frá Ráðgjafar og greiningarstöð ríkisins (RGR)
- c) barnalækni vegna veikinda
- d) Geðheilsu miðstöð barna
- e) Heyrnar- og talmeina miðstöð Íslands (HTÍ)
- f) Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, daufblinda og sjónskerta einstaklinga.

Miðað er við að um sé að ræða börn sem þurfa á verulegri aðstoð og stuðning að halda í daglegu lífi vegna t.a.m. fjölfötlnar, alvarlegrar og miðlungs þroskahömlunar (<50), verulegrar hreyfihömlunar (hjólástóll/hækjur), verulegrar tengslaskerðingar eða blindu og/eða heyrnarleysis, og alvarlega langveik börn.

2.3 Úthlutun á viðbótarfjármagni, samkvæmt gr. 2.1 og 2.2, verður í samræmi við fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs til málaflokksins og þann fjölda barna sem þurfa stuðning hverju sinni.

2.4 Úthlutað er viðbótarfjármagni samkvæmt gr. 2.2 til leikskóla vegna tímafjölda til samræmis við daglegan vistunartíma barnsins í leikskólanum og þjónustupörf þess. Þjónustupörf barnsins



er metin af sérkennslustjóra í leikskóla barnsins í samvinnu við sérfræðipjónustu miðstöðva.

2.5 Sé fötlun barns með þeim hætti að þörf sé á stuðningi í fleiri tíma en sem nemur vistun barnsins er unnt að senda beiðni til skrifstofu skóla- og frístundasviðs með rökstuðningi, byggðum á mati, í samvinnu við sérfræðipjónustu miðstöðvarinnar.

3. Sérkennslustjóri

3.1 Í hverjum leikskóla er starfandi sérkennslustjóri sem hefur meðal annars það verkefni að l skipuleggja stuðning í leikskólanum og að sinna börnum með málþroskafrávik og félagslega og tilfinningalega erfiðleika.

3.2 Leikskóli með 65 börn og færri fær fjármagn vegna 50% stöðugildis, leikskóli með 66 til 99 börn fær fjármagn vegna 75% stöðugildis og leikskóli með 100 börn fær fjármagn vegna 100% stöðugildis. Leikskólar með 150 börn eða fleiri fá fjármagn vegna 150% stöðugilda. Sérhæfðir leikskólar fá að auki framlag vegna eins 100% stöðugildis vegna sérhæfingar sinnar og ráðgjafahlutverks.

Gildistaka

Reglurnar taka gildi þann 1. febrúar 2025.

Með reglum þessum falla úr gildi reglur við úthlutun á stuðningstímum til barna í leikskólum hjá Reykjavíkurborg samþykktar í borgarráði þann 7.júní 2016.

Samþykkt í skóla- og frístundaráði þann [dags.] og í borgarráði þann [dags.]



Reglur um úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum

Gildissvið

Reglurnar gilda um úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum Reykjavíkurborgar og sjálfstætt reknum leikskólum í Reykjavík með samning við skóla- og frístundasvið um greiðslu framlags til þeirra. Við úthlutun er fylgt verkferli fagskrifstofu leikskóla á skóla- og frístundasviði.

Ábyrgð á skipulagi stuðnings

Leikskólastjóri ber ábyrgð á skipulagi stuðnings í leikskólum, framkvæmd þess og endurmati.

Leikskólastjóri sér til þess að börn njóti stuðnings í leikskólanum og að boðið sé upp á þroskavænleg verkefni í leik og starfi. Leikskólastjóri hefur náð samstarf við foreldra, sérkennsluráðgjafa og ýmsa sérfræðinga sem tengjast leikskólanum vegna barna sem þurfa og njóta stuðnings.

Þar sem er ábyrgðarmaður sérkennslu í leikskóla, ber hann ábyrgð á gerð áætlana og sér um að þeim sé framfylgt og þær endurmetnar.

Áhersla skal vera lögð á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þáttakandi í leikskóla-starfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og kostur er. Gæta skal sérstaklega að því að barn sem nýtur stuðnings einangrist ekki heldur sé hluti af hópnum og eigi hlutdeild í leikskólastarfinu.

Leikskólastjóri bera ábyrgð á því hvernig úthlutun vegna stuðnings er nýtt og hvernig hún skiptist á milli einstakra barna. Leikskólum ber að skila greinargerð til skrifstofu skóla- og frístundasviðs um nýtingu fjármagns vegna stuðnings þar sem fram komi lýsing á framkvæmd stuðnings og mat á árangri. Greinargerð skal berast fyrir 1. júlí ár hvert vegna síðastliðinna tólf mánaða.

Ekki er heimilt að nýta fjármagn vegna stuðnings í leikskólum til að standa straum af annarri starfsemi leikskóla.

Úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum

Úthlutun á fjármagni verður í samræmi við fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs til málaflokksins og þann fjölda barna sem þurfa stuðning hverju sinni.

Úthlutað er fjármagni til leikskóla á grundvelli tveggja flokka auk þess sem veitt er fjármagn vegna stöðu ábyrgðarmanns sérkennslu í leikskólanum.

1. flokkur

Börn sem hafa m.a. fengið greiningu frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR), Barnalækni vegna veikinda, Þroska og hegðunarstöð heilsugæslunnar (PHS), Heyrnar- og talmeinstöð Íslands (HTÍ) og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, daufblinda og sjónskerta einstaklinga. Þessi börn þurfa á verulegri aðstoð og íhlutun að halda í daglegu lífi vegna t.a.m. fjölfötlunar, alvarlegrar og miðlungs þroskahömlunar (<50), verulegrar hreyfihömlunar (hjólástóll/hækjur), verulegrar tengslaskerðingar eða blindu og heyrnarleysis, og alvarlega langveik börn.

Úthlutað er fjármagni til leikskóla vegna tímafjölda til samræmis við daglegan vistunartíma barnsins í leikskólanum og þjónustupörf þess. Þjónustupörf barnsins er metin af ábyrgðarmanni sérkennslu í leikskóla barnsins í samvinnu við sérfræðiþjónustu þjónustumiðstöðvanna. Tímafjöldinn getur verið allt að 9,5 tímar á dag.

Fullur stuðningur telst 6 tímar miðað við 8 tíma daglega vistun barns í leikskóla. Sé þroskaskerðing barns með þeim hætti að þörf sé á stuðningi í fleiri tíma er unnt að senda beiðni um fleiri tíma til skrifstofu skóla- og frístundasviðs með rökstuðningi, byggðum á mati, í samvinnu við sérfræðiþjónustu þjónustumiðstöðvarinnar.

2. flokkur

Börn sem þurfa reglulega á aðstoð og íhlutun að halda t.a.m. vegna vægrar þroskahömlunar (51-70), hreyfihömlunar (aðstoð við ferli), verulegrar sjón- og heyrnarskerðingar, vægrar tengslaskerðingar, langtímaveik börn sem þurfa nokkra umönnun, börn sem þurfa töluverða aðstoð vegna alvarlegra hegðunar- og tilfinningalegra erfiðleika.¹

Leikskóli fær fjármagn vegna stuðnings. Fjármagnið fer eftir fjölda og samsetningu barna með þörf fyrir stuðning í leikskólanum og fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs til málaflokksins. Mat á þjónustupörf er unnið af ábyrgðarmanni sérkennslu í leikskóla barnsins í samvinnu við sérfræðiþjónustu þjónustumiðstöðvanna.

Hægt er að sækja um fjármagn vegna tímabundins stuðnings við barn sem eftir mat sálfræðings hefur verið vísað til nánari greiningar á Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, Þroska og hegðunarstöðvar heilsugæslunnar eða sambærilegra aðila.

Ábyrgðarmaður sérkennslu

Leikskóli fær úthlutað ákveðnu fjármagni í samræmi við fjölda barna í leikskólanum. Þetta fjármagn er eyrnamerkt leikskólanum fyrir stöðu ábyrgðarmanns sérkennslu m.a. til að sinna börnum með málþroskafrávik og félagslega og tilfinningalega erfiðleika.

Leikskóli með 79 börn og færri fær fjármagn vegna 50% stöðugildis, leikskóli með 80 til 99 börn fær fjármagn vegna 75% stöðugildis og leikskóli með 100 börn eða fleiri fær fjármagn vegna 100% stöðugildis. Leikskólar með 200 börn eða fleiri fá fjármagn vegna tveggja 100% stöðugilda. Sérhæfðir leikskólar fá að auki framlag vegna eins 100 % stöðugildis vegna sérhæfingar sinnar.

¹ Alvarlegir hegðunarerfiðleikar er þegar barn sýnir stjórnlauða hegðun, ofbeldishegðun eða reynir ítrekað að stinga af úr leikskóla. Alvarlegir tilfinningalegir erfiðleikar er þegar barn hefur sætt misnotkun, mikil veikindi eru á heimili barns, eða barn hefur á anna hátt orðið fyrir tilfinningalegu áfalli.

Gildistaka

Reglurnar taka gildi þann 7. júní 2016. Úthlutun sem nú þegar hefur farið fram verður óbreytt til 1. september 2016. Greitt verður fjármagn vegna ábyrgðarmanns sérkennslu frá 1. september 2016.

Með reglum þessum falla úr gildi reglur við úthlutun á stuðningstímum til barna í leikskólum hjá Reykjavíkurborg samþykktar í borgarráði þann 6. október 2011.

Reglur þessar voru samþykktar í borgarstjórn 7. júní 2016